



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík, 19. nóvember 1996.

*Alþingi*

*Erindi nr. D 121/119*

*komudagur 20/11 1996*

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri við Templarasund,  
150 Reykjavík.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, heildarlög.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dagsett 21. október 1996, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga. Málið var tekið fyrir á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 15. nóvember síðastliðinn. Umsögn samtakanna um lagafrumvarpið fer hér á eftir:

Við vinnu að undirbúningi þessa frumvarps var út frá því gengið að úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna yrði að fullu kominn í gildi áður en það yrði að lögum. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands telur þess vegna að ekki tímabært að festa í lög takmarkanir á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða utan lögsögu eins og málin hafa þróast. Þess vegna leggur Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eindregið til við sjávarútvegsnefnd Alþingis að þessu máli verði frestað í 1-3 ár eða fram að þeim tíma þegar úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna verði að fullu kominn í gildi. Samtökin hafna því alfarið að sett séu lög eða reglugerðir sem takmarka framtakssemi íslenskra fiskiskipstjóra eða aflamöguleika þeirra. Þannig vilja samtökin koma í veg fyrir að sú staða geti komið upp að okkar skipstjórar séu heftir að einhverju leyti við veiðar og sókn á fjarlægum miðum umfram það sem veiðiskip annarra þjóða þurfa að búa við.

Niðurstaða stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er að ekki beri að leggja hömlur á möguleika Íslendinga til veiða á alþjóðlegum svæðum umfram það sem aðrir þurfa að búa við.

Samtökin lýsa yfir að þau séu reiðubúin til að veita frekari umsögn um málið á fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis sé þess óskað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

Benedikt Valsson,  
framkv.stj. FFSÍ